

BINGÓ –BINGÓ-BINGÓ

Okkar vinsæla

páskabíngó

Verður haldið í félagsheimilinu Heiðarbæ
laugardaginn 8.apríl kl. 14:00.

Spjaldið kostar 500 kr.

Ekki verður tekið við greiðslukortum.

ATH. NÝTT

Verðum með basarhorn á staðnum.
Þökkum öllum aðilum sem gáfu vinninga.

Allir velkomnir.

Kvenfélag Reykjahrepps



Skilaboðaskjóðan á Breiðumýri

Leikdeild Eflingar sýnir Skilaboðaskjóðuna, eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson, í félagsheimilinu á Breiðumýri í Reykjadal. Leikstjóri er Hörður Þór Benónýsson og tónlistarstjóri er Pétur Ingólfsson.

Verkið er barna- og fjölskyldusýning sem höfðar til allra aldurshópa. Kvenfélag Reykdæla selur kaffi, vöffur o.fl. á sýningunum. Dalakofinn býður 10 % afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti á undan eða eftir sýningu.

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Næstu sýningar: Miðvikudaginn 5. apríl kl. 19:00
Föstudaginn 7. apríl kl. 20:00
Laugardaginn 8. apríl kl. 16:00 - UPPSELT
Athugið takmarkaður sýningarfjöldi.

Miðaverð: Fullorðnir 2800.-
Börn 14 ára og yngri 2200.-
Eldriborgarar og öryrkjar 2500.-

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á leikdeild@leikdeild.is

Aðalfundur Hins þingeykska fornleifafélags og fræðsluerindi um nýfundnar tóftir á Hofstöðum í Mývatnssveit



Aðalfundur Hins þingeykska fornleifafélags verður haldinn í

**Meningarmiðstöð Þingeyinga á
Húsavík** (Safnahúsinu) **fimmtudaginn 20. apríl
(sumardaginn fyrsta) klukkan 16:00.**

Að loknum fundi, um kl. 16:30, fjalla Orri Vésteinsson fornleifafræðingur um nýfundnar tóftir í landi Hofstaða í Mývatnssveit og Ingvar Teitsson um fornar leiðir í Þingeyjarsýslu (þá sérstaklega Gullveginn)

Félagar í Hinu þingeykska fornleifafélagi eru hvattir til þess að mæta á fundinn og taka með sér gesti. **Erindi Orra og Ingvars eru opin öllu áhugafólki.**

Stjórn Hins þingeykska fornleifafélags.



Páskakirkjuskóli í Þorgeirskirkju

Páskakirkjuskóli verður í Þorgeirskirkju laugardaginn 8. apríl kl. 11.00 Páskasagan og páskaeggjaleit í kirkjunni.

Verið velkomin og gleðilega páska!



Páskakirkjuskóli í Lundarbrennukirkju

Páskakirkjuskóli verður í Lundarbrennukirkju laugardaginn 8. apríl kl. 14.00. Páskasagan og páskaeggjaleit í kirkjunni.

Verið velkomin og gleðilega páska!

Leikfélag Húsavíkur sýnir

Bót og betrun

breaskan gamanleik í leikstjórn Mariu Sigurðardóttur

Næstu sýningar:

- föstudaginn 7. apríl kl. 20:00
- miðvikudaginn 12. apríl kl. 20:00
- fimmtudaginn 13. apríl kl. 20:00
- föstudaginn 14. apríl kl. 16:00
- laugardaginn 15. apríl kl. 16:00

Miðaverð:
Fullt verð: 3.000
Börn/afél: 2.000

Félagsmenn Framsýnar, Þingómar og Starfsmannafélags Húsavíkur geta keypt afsláttarmíða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu.

Miðapantarnir: www.leikfelagid.is • 464 1129 • midu@leikfelagid.is

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar

Minum á aðalfund samtakanna á

Fosshóli (Goðafossmarkaði), þann 6. apríl nk. kl 20:00.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk erindis frá *Markaðsstofu Norðurlands*.

Nýir félagar velkomnir og hægt að skrá sig í félagið á staðnum.

Stjórnin



Föstuganga í Laufás

Föstuganga verður á föstudaginn langa 14. apríl í Laufás. Lagt verður á stað frá Végeirsstöðum í Fnjóskadal kl. 11.00 og Björgunarsveitin Þingey verður á vaktinni. Súpa í Laufási við komu gegn vægu gjaldi. Tónleikar í Laufáskirkju kl. 14.30. Verið velkomin!

Páskadagur í Laufásprestakalli

Hátíðarguðspjónusta með fermingu í Þorgeirskirkju kl. 14.00.

Fermdir verða Ari Ingólfsson, Úlfsbæ og Hannes Haukur Sigurðsson, Krossi.

Hátíðarguðspjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 16.00

Hátíðarguðspjónusta í Hálskirkju kl. 20.00

Kirkjukórar syngja við athafnirnar undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur

Værið velkomin og glæðilega páskahátíð!

Kæru lesendur og auglýsendur

Verð hálf síðu er

kr.3.200.-m.vsk

Verð heilsíðu er

kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386

ATHUGIÐ !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!

*Páskahlaupastelpan verður
gefin út **mánudaginn 10. apríl.***

Skiladagur er því föstudaginn 7. apríl fyrir páskastelpuna



Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Þingeyjar

verður haldinn í húsi sveitarinnar að Melgötu
miðvikudaginn 12.apríl kl 20:30.

Hefðbundin aðalfundarstörf kaffi og með því.

Kveðja stjórnin.



Fræðslusjóður HSP

Stjórn HSP auglýsir eftir umsóknum um styrk úr Fræðslusjóði HSP. Rétt til að sækja í sjóðinn hafa eingöngu félagar í aðildarfélögum HSP.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2017

Umsóknir sendist á skrifstofu

HSP; hsth@hsth.is

Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi – með því að sækja t.d. námskeið, fundi eða ráðstefnur.

Nánar um Fræðslusjóð má finna á heimasíðunni (hsth.is) undir „Stjórn HSP“ / sjóðir og styrkir. Þar má einnig finna umsóknareyðublað.



Íþróttamidstöð Skútustaðahrepps

auglýsir eftir starfsmanni í 50% starfi.

Starfið felur í sér þríf, afgreiðslustörf og annað sem til fellur.

Reynsla af afgreiðslustörfum og þrífum er kostur. Vinnutími er sveigjanlegur og eftir samkomulagi. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum Framsýnar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Karlar jafnt sem konur sem eru búin að ná 18 ára aldri eru hvött til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2017. Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til Ástu Price á netfangið ims@myv.is



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Þrjónakaffi verður á bókasafninu
fimmtudagskvöldið 6. apríl kl. 19:30 – 21:30.

Komum saman með handavinnu og eigum
notalega kvöldstund.

Sumarstarf

Þingeyjarsveit og Efling auglýsa 100% sumarstarf laust til umsóknar. Starfstímabilið er 13 vikur, frá 15. maí til og með 18. ágúst.

Starfssvið:

Í starfinu felst skipulagning og stýring á vinnuskóla við ýmis garðyrkjustörf o.fl.
Leiðsögn, hópefli og hvatning til góðra verka
Tómstunda- og forvarnarstarf að hluta
Önnur þjónusta og verkefni sem vinnuskóli og Efling veita hverju sinni

Reynsla og hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu vera 18 ára (fædd 1999 eða fyrr)
Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
Góð fyrirmynd og heilbrigður lífstíll
Stundvísi og samvisekusemi
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Kjarna 650 Laugar eða í gegnum netfangið jonas@thingeyjarsveit.is
Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar og launanefnd sveitarfélaganna.
Umsóknarfestur er til 20. apríl nk.

Nánari upplýsingar

Jónas Halldór Friðriksson
netfang: jonas@thingeyjarsveit.is
sími: 464-3322 eða 866-8843



Sunnudagaskóli Grenjaðarstað

Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag, 9. apríl, pálmásunnudag, kl. 11:00
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Kyrrðar- og bænastund í Nesi

Kyrrðar- og bænastund verður í Nesi næstkomandi mánudag, 10. apríl kl. 20:00
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

Aðalfundur Velferðasjóðs Þingeyinga

verður haldinn í Bjarnahúsi Húsavík
þriðjudaginn 11. apríl klukkan 14:00
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

AÐALFUNDUR 2017

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla
verður haldin í Skógum
mánudagskvöldið 10. apríl Kl: 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Nýjar konur ávallt velkomnar í hópinn
eigum saman gott kvöld yfir kaffibolla og spjalli.

Stjórnin

14. tbl.
5. apríl
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Þingeyingar, ferðafólk.

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit um páska
verður nú haldin í 20. sinn. Kammertónleikar í
Félagsheimilinu Skjólbrekku á **skírdag 13. apríl kl. 20**
og tónleikar með hátíðaryfirbragði í Reykjalíðarkirkju
föstudaginn langa 14. apríl kl. 21:00.

Flytjendur eru:

Kristinn Sigmundsson	bassi
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Bryndís Halla Gylfadóttir	selló
Domenico Codispoti	píanó

ásamt mývetnskum gestum Stefáni Jakobssyni og
Margréti Hildi Egilsdóttur.

Tvær mismunandi efnisskrár og fjölbreytt tónlist í
boði.

Miðasala við innganginn.

Músík í Mývatnssveit.